

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



17. október 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 48. mál á 153. löggjafarþingi**

*Menntasjóður námsmanna (launatekjur o.fl.)*

Hagsmunasamtök heimilanna eru heilshugar fylgjandi frumvarpi þessu, sérstaklega 2. gr. þess. Það er óþarfi að refsna námsmönnum fyrir að afla sér aukatekna með vinnu, með því að skerða lántökurétt þeirra. Lán er ekki gjöf því það þarf alltaf að endurgreiða og ef eitthvað er ætti námsmaður sem sýnir getu til að afla sér aukinna tekna að teljast líklegri til að geta staðið undir skuldbindingum sínum en ella. Jafnframt er slíkur námsmaður líklega í betri aðstöðu en ella til að meta lántökupörf sína og haga lántöku eftir því. Að öðru leyti er tekið undir röksemdir um þetta í greinargerð með frumvarpinu.

*Nánar um 2. gr. frumvarpins:*

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eru kröfur vegna námslána undanþegnar ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti um lengd fyrningarfrests og sérreglum þeirra um fyrningarslit. Þetta brýtur í bága við meginreglu skuldaskiláréttar um jafnræði kröfuhafa, auk þess að fela í sér mismunun milli skuldara eftir tegund skulda, svo sem vegna námslána eða húsnæðisskulda. Er því vandséð að umrætt ákvæði laganna samræmist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Tveggja ára fyrningarregla 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti var sett árið 2010 í kjölfar bankahrunsins og hefur reynst mikilvæg réttarbót, en gjaldþrot er stundum eina leiðin sem einstaklingar hafa út úr óviðráðanlegum skuldavanda. Með umræddri 26. gr. laga nr. 60/2020 var vegið að því úrræði og það hefur grafið verulega undan réttarstöðu skuldara. Lánasjóðurinn er í raun eini kröfuhafinn sem hefur ekki viljað una slíkri fyrningu og hefur höfðað fjölda dómsmála til að slíta henni, en tapað þeim öllum. Í öllum dómum Hæstaréttar Íslands í umræddum málum var því hafnað að sjóðurinn hefði sérstaka hagsmuni umfram aðra kröfuhafa af því að kröfur sínar fyrndust ekki samkvæmt ákvæðinu. Ákvæði 26. gr. laga nr. 60/2020 fer því þvert gegn þessum afgerandi niðurstöðum Hæstaréttar Íslands.

Hagsmunasamtök heimilanna mæla með því að ofangreint frumvarp verði **samþykkt**.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

*Guðmundur Ásgeirsson*

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



## Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.)

Landssamtökum íslenskra stúdenta hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðar launatekjur námsmanna og fyrningarfrest. LÍS telur umbætur á Menntasjóði námsmanna vera nauðsynlegar en leggur höfuðáherslu á að allar breytingar á lögum um menntasjóðinn séu til þess fallnar að uppfylla hlutverk sjóðsins sem **félagslegur jöfnunarsjóður**.

### Afnám skerðinga vegna atvinnutekna(1 gr.)

Fyrsta grein frumvarpsins mælir fyrir því að við áætlun framfærslulána verði ekki tekið tillit til launatekna námsmanns eða fjölskyldu hans. Með öðrum orðum mælir greinin fyrir afnámi skerðingar vegna launatekna hjá Menntasjóði námsmanna. LÍS telur mikilvægt að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað og fundin sé leið til að koma í veg fyrir að frítekjumarkið hamli því að stúdentar nái eðlilegri framfærslu.

Framfærslulán á vegum Menntasjóði námsmanna hefur verið ófullnægjandi í of langan tíma og leiðir hún til mikillar atvinnuþátttöku stúdenta. Samkvæmt Eurostudent VII<sup>1</sup> vinna 71% háskólanema á Íslandi með námi og er hlutfallið með því hæsta af þeim þjóðum sem taka þátt í könnuninni. Í sömu könnun kemur fram að 72% þeirra nema sem vinna með námi fullyrða að án vinnunnar gætu þau ekki verið í námi. Niðurstöður könnunarinnar eru áfellisdomur á námslánakerfið og dregur fram þann vanda sem ófullnægjandi framfærsla skapar.

Það er með öllu ótækt að vera með kerfi sem ýtir undir atvinnuþátttöku og samtímis refsar fyrir hana. Fyrirkomulagið skapar vítahring framfærslulána og frítekjumarks sem mikilvægt er að tjúfa. Í þessu samhengi má benda á að námslán eru (að jafnaði) veitt fyrir 9 mánuðum ársins en stúdentar þurfa að afla tekna til að standa undir hinum mánuðunum. Samkvæmt úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023<sup>2</sup> er frítekjumark námsmanns 1.483.000 í árstekjur og því algengt að námsmenn fullnýti frítekjumarkið með sumarvinnu.

Það er því nauðsynlegt að breytingar verði á frítekjumarki Menntasjóðs námsmanna en LÍS telur þó mikilvægt að stigið verði varlega til jarðar þegar kemur að því að afnema með öllu skerðingar vegna atvinnutekna en slík aðgerð gæti dregið úr hlutverki Menntasjóðsins sem félagslegur

<sup>1</sup> [https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=22005903-7bec-4b99-a3dc-1a324ce8b766>



jöfnunarsjóður. Því verður að ráðast í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu sem og öðrum breytingum sem hægt er að gera á frítekjumarkinu. Þá má skoða útfærslu líkt og að tekjur utan anna verði undanskildar frítekjumarki.

### **Fyrningarfrestur (2. gr.)**

Í annarri grein frumvarpsins er mælt fyrir því að 26. grein laganna verði felld brott. Sú grein kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Landssamtök íslenskra stúdenta styðja þessa breytingu og taka undir með þeim rökstuðningi sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

A handwritten signature in blue ink that reads "Alexandra Ýr van Erven".

---

Alexandra Ýr van Erven

Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags. 05.12.2022

## **Efni: Umsögn um um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.).**

Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) barst umsagnarbeiðni vegna þingskjals 48 – 48. mál., 153. löggjafarþing 2022–2023 - frumvarp til laga um afnám skerðingar námslána vegna launatekna. SÍNE fagnar allri umræðu um aukinn stuðning við námsmenn í gegnum námslánakerfið en telur þó vankanta á frumvarpinu eins og það stendur.

### **Breytingar 2. gr. (Framfærslulán og skólagjaldalán)**

SÍNE tekur heilshugar undir að framfærslulán Menntasjóðs námsmanna dugi stúdentum ekki fyrir fæði, klæði og húsnæði og að úr því þurfi að bæta. Þær breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. laganna myndu hafa tvenns konar afleiðingar í för með sér. Annars vegar afnám skerðinga vegna launatekna og hins vegar megi sjóðurinn ekki gera ráð fyrir sjálfsaflafé í útreikningum þegar framfærsla námsmanna er ákvörðuð.

#### Afnám skerðinga vegna launatekna

Stúdentahreyfingin hefur ítrekað bent á þann vítahring sem samspil lágrar framfærslu og lágs frítekjumarks launatekna skapar. SÍNE bendir þó á að rannsóknir hafa ítrekað sýnt að stúdentar á Íslandi vinna mun meira meðfram námi en í öðrum löndum<sup>1</sup> og er einsýnt að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum muni það mynda

---

<sup>1</sup> Sjá skýrslu Eurostudent:

[https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf?fbclid=IwAR3uuowsVHvrWnodbYMIVVMmK0BKDCSjgTCTcJC2xIcoNkAvSUKCU3X\\_-Og](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf?fbclid=IwAR3uuowsVHvrWnodbYMIVVMmK0BKDCSjgTCTcJC2xIcoNkAvSUKCU3X_-Og)

enn meiri þrýsting á vinnu meðfram námi. Fullt háskólanám er öllu jafna skipulagt sem full vinna í níu mánuði á ári og langbesta ráðstöfunin á fé Menntasjóðsins væri að sjá stúdentum fyrir mannsæmandi framfærslu á meðan því stendur, frekar en að hætta alfarið skerðingum vegna launatekna. SÍNE telur því frekar en að afnema skerðingar vegna launatekna með öllu skuli skoða aðrar útfærslur á núverandi fyrirkomulagi.

Í Danmörku er til að mynda tvöfalt frítekjumark, eitt fyrir þá mánuði sem námsmaður þiggur framfærslu frá lánasjóðnum og annað fyrir þá mánuði sem námsmaður er ekki á framfærslu sjóðsins. Nú er það svo að íslenskir stúdentar geta að jafnaði verið á framfæri Menntasjóðs námsmanna í níu mánuði á ári (að vetri) en eiga að sjá sér farborða sjálfir hina þrjá mánuðina (að sumri), en öll samanlögð laun koma til skerðingar framfærslu. Hér á landi væri hægt að útfæra sambærilegt tvöfalt frítekjumark líkt og í Danmörku, það er að segja eitt frítekjumark fyrir þá mánuði sem námsmaður tekur námslán og annað fyrir þá mánuði þar sem námsmaður gerir það ekki. SÍNE veltir því upp að góð útfærsla fyrir íslenska menntasjóðskerfið væri að hafa ríflegt frítekjumark að sumri (þrjú mánuðir) sem myndi koma í veg fyrir að tekjur fyrir sumarvinnu skerði framfærslu að yfir veturinn (níu mánuðir). Það myndi veita námsmönnum aukið svigrúm til þess að velja sjálfir hve mikið þeir vinna yfir sumarið án þess að hafa áhyggjur af því að borga launin til baka í formi skerðinga næsta vetur.

#### Afnám sjálfsaflafés í útreikningum framfærslu

Verði frumvarp þetta að lögum væri sjóðsstjórn ekki lengur heimilt að líta til sjálfsaflafés við útreikning á framfærsluviðmiði sjóðsins. Fyrir árið 2019 var gerður greinarmunur í úthlutunarreglum lánasjóðsins á framfærslugrunni (þ.e. því viðmiði sem sjóðurinn gerði um framfærslukostnað námsmanns) og hinsvegar framfærslulánum og tekið fram hve hátt hlutfall sjálfsaflafé námsmanna skyldi vera<sup>2</sup>. Nú er ekki lengur tekið fram hvert sjálfsaflaféð skuli vera og hefur það verið túlkað sem svo að sjóðurinn veiti nú lán fyrir 100% framfærslu. Sé rýnt í tölurnar og gert ráð

---

<sup>2</sup> Fyrir árið 2015 voru forsendur útreiknings framfærslugrunns lánasjóðsins einnig tilgreindar í úthlutunarreglum.

fyrir að framfærsla námsmanna hækki u.þ.b. í takt við vísitölu neysluverðs er þó bersýnilegt að enn er gerð krafa um töluvert sjálfsaflafé<sup>3</sup>.

SÍNE bendir á að varhugavert er að nota neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins sem viðmið líkt og gert er í greinargerð frumvarpsins. Óljóst er hvaða forsendur liggja á bak við matið, auk þess sem það hefur ekki verið uppfært frá árinu 2019<sup>4</sup>.

## **2. gr.: Brottfall 26. gr. (Fyrningarfrestur)**


SÍNE tekur heilshugar undir þann hluta frumvarpsins sem snýr að því að felld verði brott sú sérregla laga um Menntasjóð námsmanna sem kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldprots.

### **Lokaorð**

Háskólanám er full vinna. SÍNE telur því varhugavert að hvetja til þess að námsmenn vinni meira en nauðsynlegt er yfir veturinn með því að afnema frítekjumarkið með öllu. SÍNE telur frekar að taka eigi framfærslu Menntasjóðsins til endurskoðunar og leiðrétta hana svo að að hún dugi fyrir mannsæmandi lífi. Þá má skoða aðrar útfærslur frítekjumarksins.

Að lokum bendir SÍNE á að lögbundin endurskoðun laga um Menntasjóð eigi að fara fram fyrir haustþing 2023 og hvetur þingmenn til að beita sér fyrir hagsmunum námsmanna í þeirri vinnu.

Fyrir hönd Sambands Íslenskra námsmanna erlendis,



---

Bjarki Þór Grönfeldt

Forseti SÍNE

---

<sup>3</sup> Í dag væri sjálfsaflaféð 8,7% ef miðað er við að framfærslukostnaður stúdenta hafi þróast í takt við verðlag frá úthlutunarreglum 2017-18.

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknival-fyrir-neysluvidmid/>

Reykjavík, 24. nóvember, 2022


### Umsögn varðandi mál 48, nr. 60/2020

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík styður heilshugar endurskoðunar og hækkun á framfærslulánum. Margir nemendur verða fyrir mikilli skerðingu á námslánum vegna sumarvinnu, og standast ekki útgjöld vegna leigu og kaupum nauðsynjavara vegna og lágs framfærsluláns.

Námsmenn á framfærslulánum eiga ekki möguleika að stunda vinnu samhliða háskólanámi til að brúa bilið á milli útgjalda og inngjalda, vegna aukinnar skerðingu framfærsluláns. Þetta ýtir undir það að háskólanemar taka síður námslán og vinna frekar samhliða náminu til að eiga fyrir leigu.

Þetta ýtir undir verri námsárangur námsmanna, aukið álag og verri lífsgæði. Við skorum á alþingi að endurskoða framfærslulánin og taki mið af almennri grunnframfærslu námsmanna í leiguíbúð.

F.h. SFHR,

  
\_\_\_\_\_

Forseti Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík



Stúdentaráð Háskóla Íslands

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 48 – 48. mál.

6. desember 2022

## **Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.)**

Stúdentaráði Háskóla Íslands barst umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna er varða launatekjur og fleira. Þess ber að geta að frumvarpið er endurflutt og skilaði Stúdentaráð inn umsögn þann 10. mars 2021 þegar frumvarpið var fyrst lagt fyrir Alþingi<sup>1</sup>. Stúdentaráð Háskóla Íslands vill því nýta tækifærið og ítreka það sem fram kom í þeirri umsögn. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að umbætur verði gerðar á lögum um Menntasjóð námsmanna en leggur áherslu á að allar breytingar séu til þess fallnar að uppfylla lögbundið hlutverk sjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður.

### **Afnám skerðinga vegna launatekna (1. gr.)**

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að ekki verði tekið tillit til launatekna námsfólks eða fjölskyldna þeirra við áætlun á upphæðum framfærslulána. Stúdentaráð hefur ítrekað<sup>2</sup> bent á að í íslensku námslánakerfi er stúdentum gert að vinna með námi þrátt fyrir að vera á framfærslulánum (enda duga lánin ekki til að standa straum af framfærslukostnaði) og gjalda svo fyrir það vegna frítekjumarksins. Í núverandi mynd má því segja að námslánakerfið ýti undir atvinnuþátttöku á sama tíma og það refsar fyrir hana.

Afnám skerðinga vegna launatekna myndi aðeins leysa þann vanda að hluta til en eftir stæði viðkvæmur hópur þeirra sem hafa til dæmis ekki færi á að vinna með námi og þurfa að reiða sig á of lága framfærslu. Það er gríðarlega mikilvægt að námslánakerfið grípi þennan hóp ef það á að geta náð yfirlýstum markmiðum sínum um aðgengi að námi óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti. Stúdentaráð hefur ítrekað bent á þetta<sup>3</sup> og krafist þess að grunnframfærslan verði leiðrétt og að árleg endurskoðun hennar verði fest í lög. Í greinargerð frumvarpsins kemur einnig fram að þær verulegu tekjuskerðingar sem frítekjumarkið hefur í

<sup>1</sup> Umsögn SHÍ vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um MSNM, 10. mars 2021.

<sup>2</sup> Sjá til dæmis <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-2250.pdf>

<sup>3</sup> Sjá til dæmis <https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2021/01/Grunnframaersla.pdf>



för með sér, þegar grunnframfærslan er eins lítil og raun ber vitni, feli í sér mismunun á grundvelli efnahags. Hér má lesa á milli línanna að grunnframfærslan sé í raun rót þess vanda sem fólgin er í ófullnægjandi framfærslu lántaka á meðan á námi stendur. Af þessum ástæðum hefur Stúdentaráð bent á að nauðsynlegt sé að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað<sup>4</sup>. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítekjumarkinu áður en ráðist er í afgerandi breytingar á lögum sjóðsins.

Atvinnuþátttaka háskólanema hér á landi er með því mesta sem gerist í Evrópu, en í niðurstöðum EUROSTUDENT VII<sup>5</sup> kemur fram að 71% háskólanema hér á landi vinni með námi og þar af fullyrða 72% að án vinnunnar gætu þeir ekki verið í námi. Þessar tölur tala sínu máli og eru í raun áfelligsdómur á námslánakerfið, en hvergi í Evrópu er hlutfallið hærra. Vert er að undirstrika þá staðreynd að fullt nám er full vinna. Það er varhugavert hvað íslenskir háskólanemar vinna mikið með námi samanborið við aðrar evrópuþjóðir en líkt og gefur að skilja hefur slíkt áhrif á námsárangur og þar með námstíma. Til marks um það eru niðurstöður EUROSTUDENT VII en þar kemur fram að 25% háskólanema hérlendis eigi í erfiðleikum með nám sitt vegna vinnu og 31% nema telja fjárhagsstöðu sína vera slæma eða mjög slæma en það er með því mesta sem gerist í Evrópu. Niðurstöður EUROSTUDENT VII sýndu einnig að 15% háskólanema hér á landi glíma við andleg veikindi en að meðaltali glíma 4% háskólanema í Evrópu við andleg veikindi. Allt er þetta til marks um bága stöðu stúdenta hér á landi, en með því að auka stuðning við stúdenta á meðan á námi stendur væri hægt að draga úr þessum vanda.

Þess má geta að í námslánakerfum annars staðar á Norðurlöndum er í gildi einhvers konar útgáfa af frítekjumarki<sup>6</sup> en líkt og LÍS hefur bent á er frítekjumarkið hér á landi þó það lægsta<sup>7</sup> þrátt fyrir að verð á neysluvöru hér á landi sé það hæsta á Norðurlöndunum og raunar það næst hæsta í Evrópu<sup>8</sup>. Líkt og áður kom fram vinna háskólanemar hér á landi meira með námi en háskólanemar annars staðar á Norðurlöndum þannig að skerðing á námslánnum er ekki aðeins meiri vegna lægra frítekjumarks heldur má einnig leiða að því líkum að fleiri verði fyrir skerðingum vegna þessa.

<sup>4</sup>[https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2022/03/39\\_-Umso%CC%88gn-vegna-frumvarps-til-laga-um-breytingu-a%CC%81-lo%CC%88gum-um-Menntasjo%CC%81d-na%CC%81msmanna-nr.-60\\_2020-launat-ekjur.pdf](https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2022/03/39_-Umso%CC%88gn-vegna-frumvarps-til-laga-um-breytingu-a%CC%81-lo%CC%88gum-um-Menntasjo%CC%81d-na%CC%81msmanna-nr.-60_2020-launat-ekjur.pdf)

<sup>5</sup> [https://www.eurostudent.eu/download\\_files/documents/Eurostudent\\_brochure\\_WEB.pdf](https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf)

<sup>6</sup> Þess ber þó að geta að í Noregi hefur frítekjumarkið einungis áhrif á upphæðir styrkja en ekki lánsupphæðir. Sjá nánar hér: <https://lanekassen.no/en-US/grants-and-loans/income-and-assets/>

<sup>7</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-1047.pdf>

<sup>8</sup> <https://ec.europa.eu/eurostat/en/web/products-eurostat-news/-/ddn-20220621-1>

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á frítekjumarkinu en telur þó að það þurfi að stíga varlega til jarðar í þeim efnum og hafa í huga að frítekjumarkið er mikilvægt til þess að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður<sup>9</sup>. Þess vegna telur Stúdentaráð að ákvæði um að ekki komi til skerðingar á námsláni vegna launatekna fjölskyldu lántaka dragi úr jöfnunarhlutverki Menntasjóðsins þar sem ekki allir stúdentar búa við sömu fjölskylduaðstoð. Hægt væri að skoða annars konar breytingar á frítekjumarkinu, til að mynda tvískipt frítekjumark að danskri fyrirmynd sem gerir ráð fyrir sjálfsaflafé að sumri annars vegar og sjálfsaflafé að vetri hins vegar. Slík skipting býr til meira svigrúm fyrir stúdenta til að afla sér tekna yfir sumarið án þess að lenda í vítahring.

### **Fyrningarfrestur (2. gr.)**

Lagt er til að 2. mgr. 26. gr. falli brott. Sú regla kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Stúdentaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins um að sömu reglur eigi að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur. Það á ekki að koma að sök að kröfurnar eru tilkomnar vegna námslána frekar en annars konar lána.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,



Rebekka Karlsdóttir  
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



María Sól Antonsdóttir  
Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs

<sup>9</sup> Sjá t.d. [Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 \(launatekjur\)](#)

